

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
12 MAI 2010 8.17.0	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. maí 2010
Tilvísun: UST20100400113/abg

Efni: Tilkynning um aukningu á framleiðslu hjá fiskeldinu Haukamýragili í 450 tonn af bleikju og laxaseiðum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags 21. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Framkvæmdalýsing

Í kynningarskýrslu vegna fiskeldis í Haukamýragili kemur fram að fiskeldi hefur verið stundað á svæðinu frá árinu 1980. Fiskeldið í Haukamýragili framleiðir bæði laxa og bleikjuseiði og stundar einnig matfiskframleiðslu á bleikju. Á síðustu árum hefur ársframleiðslan verið tæp 200 tonn en framkvæmdaraðili fyrirhugar nú að framleiða 450 tonn af bleikju og laxaseiðum.

Umhverfisáhrif

Fiskeldið í Haukamýragili er staðsett sunnan við Húsavík og stendur í halla neðst í Haukamýragili. Frárennsli frá eldiskörum rennur um læk niður í fjöru, um 50 metra vegalengd. Fjaran er aðeins u.þ.b. 15 metrar frá kambi niður að stórstraumsfjöru. Samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 þá á öllu skólpi sem veitt er til sjávar vera veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Bent er á að sýnileg áhrif í fjörunni og efst í lækjarfarvegi gætu hugsanlega komið fram, þ.e. uppsöfnun lífræns úrgangs frá stöðinni. Umhverfisstofnun fer því þess á leit að framkvæmdaraðili uppfylli þau skilyrði sem sett eru í fyrrnefndri reglugerð um fráveitur og skólp og staðsetji frárennslisrör í samræmi við hana.

Mælingar Hafrannsóknastofnunar á straumi við Húsavíkurhöfn sýna að hann var að jafnaði 2-7 cm/s frá 23. apríl til maíloka. Samkvæmt aðferðum við staðarval fiskeldis er miðað við að straumur sé a.m.k 5 cm/sek. Straumlíkan frá Verkfræðistofunni Vatnaskil frá því 1996 sýnir sterkan straum meðfram landi þar sem fiskeldið á Haukamýragili er staðsett. Umhverfisstofnun bendir þó á að ósamræmi sé á milli straumlíkans og texta en í texta segir

að frárennsli frá stöðinni blandist fljótt með straumum norður með Tjörnesi. Straumlíkanið gefur hinsvegar til kynna að straumurinn sem liggur frá Haukamýragili berst inn að Húsavík, ekki norður með Tjörnesi.

Í greinargerð um fiskeldið í Haukamýragili er miðað er við að úrgangur frá 400 tonna framleiðslu sé um 100 tonn af saur, 14 tonn af fôðurleifum, 15 tonn af köfnunarefni og rúm 3 tonn af uppleystu fosfóri. Í frárennsli ef miðað við 400 l/s er fôður og saur um 10 mg/l. Ef miðað er við að fôðurnotkun sé um 1150 kg á hvern lítra/s á ári þá er köfnunarefni í frárennsli um 1,2 mg/l og fosfór um 0,27 mg/l. Umhverfisstofnun bendir á að ekki komi skýrt fram í greinargerð hvernig þessir styrkir næringarefna eru reiknaðir út, vísað er í yfirlitsgrein um úrgangsefni í frárennsli landeldisstöðva (Sindilariu 2007) en þar er átt við úrgangsefni í frárennsli eftir að búið er að hreinsa að einhverju leyti frárennslið með síu og því ekki sambærilegt við það fiskeldi sem hér um ræðir. Stofnunin bendir því á að í viðmiðunarskýrslunni BAT "*Beste tilgjengelige teknikker (BAT) for fiskeoppdrett i Norden*" frá því 2005 er talað um að u.þ.b. 52% af köfnunarefni og 63% af fosfóri úr fôðri endi í umhverfinu ef miðað er við fôðrunarstuðulinn 1.04. Hér verður að sjálfsgöðu að hafa í huga að fôður er misjafnlega samansett en ekki er sérstaklega tiltekið í greinargerð sú efnasamsetning þess fôðurs sem notast verður við.

Síður viðkvæmur viðtaki


Umhverfisstofnun bendir á að skilgreining á síður viðkvæmum viðtaka sé fyrst og fremst varðandi losun skólps, að undangengnu mati sem gera þarf fjórða hvert ár, og sé því til ákvörðunar á því hvort notast eigi við 1. eða 2. þrepa hreinsun á fráveitum. Umhverfisstofnun bendir á að hægt sé að nota skilgreiningar svæða um síður viðkvæma viðtaka sem viðmið um hugsanleg áhrif fiskeldis á viðtaka en ekki skuli nýta ákvæði reglugerðar nr.798/1999 um fráveitur og skólp við mat á áhrifum fiskeldis.

Niðurstaða

Fiskeldið í Haukamýragili er staðsett í landi en frárennsli frá stöðinni er veitt út í læk sem rennur út í sjó. Umhverfisstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila að ýmsar lausnir séu fyrir hendi til að hreinsa frárennslið í heild sinni t.a.m. með tromlusium eða öðrum búnaði og tekur undir þau sjónarmið. Umhverfisstofnun bendir hinsvegar á að framkvæmdaraðili uppfylli ekki reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp á meðan frárennslisrör sé staðsett þar sem það er nú og vísar í framangreinda umræðu.

Stofnunin telur að ef farið verður eftir framangreindri reglugerð þá eru ekki líkur á því að framkvæmdin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir



Hjalti J Guðmundsson
Sviðsstjóri